



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 28. september 2015

Ákvörðun nr. 26/2015

**Kaup Akurs fjárfestinga slhf. á hlutafé í
Iceland Excursions Allrahanda ehf./GRAY LINE ICELAND EHF.**

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf hinn 20. apríl sl. þar sem tilkynnt var um breytingu á yferráðum Iceland Excursions Allrahanda ehf./GRAY LINE ICELAND ehf (hér eftir GRAY LINE). Nánar tiltekið felast breytingarnar í því að Akur fjárfestingar slhf. (hér eftir Akur) kaupir tæpan helmings hlut í GRAY LINE. Aðrir einkahluthafar munu áfram eiga rúman helming hlutafjárins.

Með tilkynningu um samrunann fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um hann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Með bréfi, dags. 22. apríl sl., tilkynnti Samkeppniseftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist ekki fullnægjandi sökum þess að tilskilin fylgigögn skorti. Bárust þau gögn með bréfi, mótteknu 27. sama mánaðar og hófust lögbundnir frestir til þess að rannsaka samrunann að líða þriðjudaginn 28. apríl 2015, skv. 17. gr. d. samkeppnislaga nr. 44/2005. Var og samrunaaðilum tilkynnt um framangreint með bréfi, dags. 12. maí sl.

Málinu lyktaði með því að samrunaaðilar gengust undir tiltekin skilyrði með sátt við Samkeppniseftirlitið, dags. 10. júlí 2015. Skilyrðunum er ætlað að ryðja úr vegi mögulegum samkeppnishindrunum sem af samrunanum kunna að leiða, sem einkum felast í tengslum viðskiptabanka við GRAY LINE og eignarhaldi sömu hluthafa í fleiri en einu fyrirtæki á sama samkeppnismarkaði. Í þessari ákvörðun er gerð nánari grein fyrir forsendum þess að grípa þurfti til íhlutunar í málinu.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í samrunaskrá segir að Akur muni kaupa 49% eignarhlut í GRAY LINE. GRAY LINE er eitt af stærri fyrirtækjum í ferðamannþjónustu á Íslandi og eitt af stærstu hópferðaleyfisfyrirtækjum á landinu. Auk hópferða rekur félagið ferðaskrifstofu og ýmsa aksturs- og ferðaþjónustu, þjónustu við bifreiðar, rekstur fasteigna og annan skyldan rekstur. Akur er fjárfestingafélag að stærstu



leyti í eigu fagfjárfesta, félagið er í rekstri hjá sjóðastýringarfyrirtækinu Íslandssjóðum hf.¹ (hér eftir Íslandssjóðir), dótturfélagi Íslandsbanka hf. (hér eftir Íslandsbanki).

Um markmið fjárfestingarinnar segir að hluthafar skuli í sameiningu stuðla að frekari vexti GRAY LINE og vinna að því að gera fyrirtækið skráningarhæft innan fjögurra ára á íslenska hlutabréfamarkaðnum.

Nánar um Akur

Sem fyrr segir er Akur fjárfestingafélag að stærstu leyti í eigu fagfjárfesta og er félagið í rekstri hjá sjóðastýringarfyrirtækinu Íslandssjóðum. Féлагаform Akurs er samlagshlutafélag. Í samrunaskrá segir að Akur hafi gert rekstrarsamning við Íslandssjóði sem felur í sér að Íslandssjóðir veita félaginu ráðgjöf í samræmi við samþykktir þess og ákvæði laga, auk þess að sjá um mörg atriði sem teljast til daglegrar og almennrar starfsemi félagsins. Rekstrarsamningurinn felur ekki í sér heimild fyrir Íslandssjóði til að fara með atkvæðisrétt á hluthafafundi í Akri. Allar fjárfestingar Akurs þurfa engu að síður að vera samþykktar af sérstöku fjárfestingarráði félagsins. Þannig falli allur daglegur rekstur undir hlutverk Íslandssjóða skv. rekstrarsamningnum en ákvarðanir um einstaka fjárfestingar þess falli undir valdsvið fjárfestingarráðs Akurs. Ábyrgðaraðili Akurs er Akur GP í eigu LOG Lögmansstofu sf. Samkvæmt hluthafasamkomulagi geta hluthafar einróma samþykkt að ábyrgðaraðili félagsins gegni hlutverki stjórnar og að undirritun stjórnarmanns ábyrgðaraðila skuldbindi félagið. Slík einróma ákvörðun hefur verið tekin af hluthöfum Akurs. Hluthafar sem ráða 2/3 hluta hlutafjár í Akri geta sagt upp rekstrarsamningi við Íslandssjóði og leysa þá til sín eignarhald ábyrgðaraðilans. Hafi ábyrgðaraðili eða rekstraraðili gerst brotlegur við lög eða vanrækt samningsskyldur sínar verulega getur einfaldur meirihluti hluthafa sat upp rekstrarsamningi án fyrirvara.

Í samrunaskrá segir að innan Akurs sé starfrækt sérstakt fjárfestingaráð í samræmi við ákvæði í samþykktum félagsins. Fjárfestingaráðið sé skipað þrem fulltrúum auk eins varafulltrúa og skipar ábyrgðaraðili félagsins í ráðið. Segir að allar fjárfestingar og ákvarðanir um sölu eigna félagsins skuli bera undir fjárfestingaráð og einróma samþykki ráðsins þurfi til að samþykkja alla slíka gjörninga. Ennfremur segir að fjárfestingaráð sé skipað aðilum óháðum Íslandsbanka, Íslandssjóðum og hluthöfum Akurs. Hluthafar Akurs eru að stærstu leyti fagfjárfestar og eru helstu hluthafar Lífeyrissjóður verslunarmanna, Gildi lífeyrissjóður, Íslandsbanki, LSR og Stafir lífeyrissjóður.

Hluthafar í GRAY LINE hafa gert með sér samkomulag sem kveður m.a. á um tiltekið fyrirkomulag á stjórnarskipan félagsins, meiriháttar ákvörðunartöku og sameiginlega framtíðarsýn. Í hluthafasamkomulaginu segir að stjórn félagsins skuli skipuð fimm einstaklingum og tveimur til vara. Akur mun eiga rétt á því að skipa tvo stjórnarmenn í aðalstjórn og einn í varastjórn, aðrir hluthafar mun skipa aðra stjórnarmenn en tilnefning oddamanns í stjórn skal þó háð samþykki Akurs. Tilteknar meiriháttar ákvarðanir sem teknar skulu á hluthafafundi skulu, samkvæmt ákvæðum samkomulagsins hljóta samþykki allra hluthafa félagsins og/eða samþykki fjögurra stjórnarmanna, eftir atvikum. Í hluthafasamkomulaginu er nánar tilgreint hvaða ákvarðanir teljast meiriháttar.

¹ Íslandssjóðir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki sem rekur verðbréfasjóði, fjárfestingasjóði og fagfjárfestasjóði. Eignarhald félagsins er að mestu í höndum Íslandsbanka hf. (99,7%).



Tengsl Íslandsbanka við viðskiptin

Íslandssjóðir eru eins og áður segir dótturfélag Íslandsbanka. Fyrirtækið er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Félagið rekur verðbréfa-, fjárfestingar- og fagfjárfestasjóði skv. lögum nr. 128/2011. Auk þessa hefur félagið starfsleyfi til eignastýringar og vörslu og stjórnunar fjármálagerna í sameiginlegri fjárfestingu, sbr. 1.-3. tl. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002.

Bankinn er jafnframt hluthafi í Akri með 14% hlut. Í stjórn Íslandssjóða sitja fjórir einstaklingar, en einn þeirra er háður Íslandsbanka. Í samrunaskrá segir að viðkomandi víkji af stjórnarfundum og taki ekki þátt í afgreiðslu á málum er tengist Íslandsbanka. Með sátt við Samkeppniseftirlitið hafa takmarkanir verið settar á aðkomu bankans að GRAY LINE á þann veg að þeir stjórnarmenn er skipaðir verða í krafti eignarhlutar Akurs skuli verða óháðir bankanum.

III.

Niðurstaða

Kaup Akurs á hlut í GRAY LINE fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitinu ber að grípa til íhlutunar vegna samruna sé hann talinn geta hindrað virka samkeppni samkvæmt V. kafla samkeppnislaga. Í ákvörðun þessari er ætlað að gera grein fyrir forsendum fyrir íhlutun vegna samrunans. Einnig er gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem eftirlitið telur nauðsynlegt að samrunaaðilar lúti í starfsemi sinni í þeim tilgangi að koma í veg fyrir samkeppnislegar hindranir sem samruninn myndi annars geta leitt af sér.

1. Markaður

Í samrunaskrá segir að GRAY LINE starfi á fimm mismunandi mörkuðum, þeir eru:

- a) Markaður fyrir ferðaskrifstofur
- b) Markaður fyrir alhliðapjónustu hópbifreiða
- c) Markaður fyrir útleigu atvinnuhúsnæðis
- d) Markaður fyrir framleiðslu lífræns orkugjafa
- e) Markaður fyrir ferðapjónustu

Um starfsemi Akurs segir að fyrirtækið starfi á markaði fyrir fjárfestingarstarfsemi. Ennfremur segir í samrunaskrá að viðskiptin séu þess eðlis að þau komi ekki til með að hafa nokkur áhrif á rekstur GRAY LINE. Samruninn breyti í engu markaðsgerð eða markaðshlutdeild aðila á framangreindum mörkuðum og því ekki um að ræða samþjöppun á nokkrum markaði málsins og segir að samruninn leiði ekki til þess að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist.

Í meginatriðum getur Samkeppniseftirlitið fallist á framangreint og því er ekki tilefni til ítarlegrar markaðsskilgreiningar á þeim mörkuðum sem fyrirtæki undir yfirráðum samrunaaðila starfa á enda er ekki um að ræða samþjöppun á nokkrum þeirra. Þær hömlur sem samruninn kann að leiða af sér á samkeppni eru ekki vegna aukningar á samþjöppun á mörkuðum heldur stafa þær af tengslum viðskiptabanka við fyrirtæki í samkeppnisrekstri sem og eignarhaldi sömu hluthafa í fleiri en einu fyrirtæki á samkeppnismarkaði. Verður nánar gert grein fyrir þessu síðar í ákvörðuninni.



2. Samkeppnisleg áhrif samrunans

Samkeppniseftirlitið hefur frá hruni tekið til skoðunar eignarhald banka og lífeyrissjóða á atvinnufyrirtækjum, en eignarhald þessa aðila getur við tiltekna aðstæður skapað hættu á samkeppnishindrunum. Í kjölfar fjárfestingar Akurs í GRAY LINE munu helstu eigendur fyrirtækisins verða lífeyrissjóðir og aðrir fagfjárfestar. Þá munu Íslandssjóðir, dótturfélag Íslandsbanka, hafa töluverða aðkomu að rekstri GRAY LINE líkt og vikið hefur verið að. Í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins er varða Íslandsbankabanka og dótturfélag þess Íslandssjóði hefur verið gerð ítarleg grein fyrir aðkomu bankans að Íslandssjóðum og félögum með rekstrarsamninga við Íslandssjóði. Í því sambandi vísast til fyrri ákvarðana eftirlitsins sbr. ákvörðun nr. 21/2014 *Kaup FAST-1 slhf. á HTO ehf.* og ákvörðunar nr. 22/2012 *Yfirtaka Íslandsbanka hf. á Höfðatorgi ehf.*. Rétt er að benda á að framangreind mál kunna að hafa fordæmisgildi fyrir samruna þann sem hér er til meðferðar enda þótt aðkoma Íslandssjóða og Íslandsbanka sé umfangsminni en í nefndum ákvörðunum. Að hluta til eiga sömu sjónarmið við í þessu tilviki og í þeim málum.

Samkeppniseftirlitið hefur gefið út skýrslur þar sem fjallað er um samkeppni á bankamarkaði m.a. í skýrslu nr. 1/2013 *Fjármálaþjónusta á krossgötum*. Ein af þeim ályktunum sem þar voru dregnar er að tilhneiging virðist vera til þess að viðskipti einstakra fyrirtækja haldist innan samstæðu einstakra viðskiptabanka, t.a.m. viðskipti á sviði fjárfestingabankastarfsemi, viðskiptabankastarfssemi og sjóðastýringar.

Samkeppniseftirlitið telur það nauðsynlegt fyrir heilbrigða samkeppni á fjármálamarkaði að viðskipti fyrirtækja við samstæður stóru bankanna þriggja byggja á viðskiptalegum forsendum og mismunandi tegundir þjónustu séu ekki samtvinnaðar. Einnig er afar mikilvægt að viðskipti innan einstakra samstæðna séu á viðskiptalegum forsendum, þá sérstaklega þegar slík viðskipti varða starfsemi sem byggir á sérstökum starfsleyfum, s.s. sjóðastýringa og fjárfestingabankastarfssemi. Minnsti þrýstingur á samtvinnum þjónustu sem hver samstæða veitir getur leitt til samkeppnishamlandi útilokunar keppinauta á fjármálamarkaði.

Í áður útgefnu efni Samkeppniseftirlitsins² hefur verið vikið að þeirri stöðu sem íslenska hagkerfið er í. Ljóst er að fjárhagslegur styrkleiki og umsvif lífeyrissjóða eru veruleg í íslensku atvinnulífi. Í kjölfar bankahrunsins var þörf á endurskipulagningu meirihluta íslenskra fyrirtækja og er henni nú svo gott sem lokið.³ Mörg þeirra fyrirtækja sem lokið hafa endurskipulaginu hafa notið fjármagns frá lífeyrissjóðum í því ferli. Í ljósi þess að fáir lífeyrissjóðir fara með meirihluta fjármagns íslenskra lífeyrissjóða kann að vera nauðsynlegt í einhverjum tilfellum að sami lífeyrissjóðurinn komi að fjárfestingu í fleiri en einu fyrirtæki á sama samkeppnismarkaðnum.⁴ Samkeppniseftirlitið er meðvitað um þá hættu sem skapast augljóslega af því að sami aðili sé hluthafi í mörgum félögum á sama samkeppnismarkaði. Kallar aðstaða sem þessi á mikla ábyrgð og fagmennsku á meðferð eignahluta lífeyrissjóða og skýra eigendastefnu. Þá er rétt að geta þess að ákvæði 10. gr. samkeppnislaga um ólögmaett samráð getur tekið til starfsemi lífeyrissjóða.

² Sjá meðal annars ræðu Páls Gunnars Pálssonar forstjóra Samkeppniseftirlitsins frá 15. nóvember 2013, ræðan er aðgengileg á heimasíðu eftirlitsins.

³ Samkeppniseftirlitið hefur fjallað ítarlega um endurskipulagningu atvinnulífsins eftir bankahrunið, sjá m.a. skýrslur eftirlitsins nr. 2/2011, 3/2013 og 3/2013

⁴ Stærð íslenska lífeyrissjóðakerfisins er um 150% af landsframleiðslu eða um 3000 ma. króna.



Á hluta af þeim samkeppnismörkuðum sem mál þetta varðar verður sú staða uppi að sömu lífeyrissjóðirnir koma að fleiri en einu fyrirtæki á sama samkeppnismarkaðnum. Hjá Samkeppniseftirlitinu er nýlokið meðferð máls er varðar breytingu á yferráðum hjá einum af helsta samkeppnisaðila GRAY LINE á markaði fyrir alhliðabjónustu hópferðabíla, Kynnisferðum.⁵ Í báðum tilvikum er um að ræða að fjárfestingarfélag í rekstri sjóðastýringarfyrirtækis sem kaupir minnihluta í fyrirtækjunum og verður aðili að hluthafasamkomulagi sem veitir því aðild að sameiginlegum yferráðum. Eftir afgreiðslu þessara erinda verða hluthafar í þessum fjárfestingarfélögum nokkrir af stærstu fagfjárfestum landsins og fara þá sömu lífeyrissjóðirnir með um þriðjung af hlutafé í fjárfestingarfélagunum. Fjárfestingarfélagið sem fer með eignarhlutinn í Kynnisferðum er SF VII slhf. Þrír lífeyrissjóðir eiga veigamikinn hlut í bæði Akri og SF VII en þeir eru Gildi lífeyrissjóður með [...] %⁶ eignarhlut í Akri og [...] % í SF VII, LSR með [...] % í Akri og [...] % í SF VII, Festa lífeyrissjóður með [...] % í Akri og með [...] % í SF VII. Þá eiga aðrir lífeyrissjóðir umtalsverðan hluta í báðum félögum og að einhverju leyti er einnig um að ræða sömu sjóði.

Með vísan til þeirra atvika sem að framan hafa verið rakin telur Samkeppniseftirlitið mögulegar samkeppnishindranir vegna þessa samruna stafa af annars vegar tengslum Íslandsbanka við Akur og hins vegar væntanlegan eignarhluta hluthafa Akurs í stærsta samkeppnisaðila GRAY LINE, Kynnisferðum.

3. Íhlutun

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat Samkeppniseftirlitsins að nauðsynlegt sé að setja umræddum samruna skilyrði. Skilyrðunum er ætlað að tryggja sjálfstæði GRAY LINE sem keppinautar á markaði gagnvart Íslandsbanka. Þá er jafnframt kveðið á um tiltekna meðferð á trúnaðarupplýsingum gagnvart þeim aðilum sem eiga hluti í öðrum fyrirtækjum sem starfa á sama samkeppnismarkaðnum. Samrunaaðilar lýstu yfir vilja sínum til þess að gangast undir sátt í málinu á grundvelli 17. gr. f. laganna og 22. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005. Viðræður við samrunaaðila hafa í kjölfarið leitt til sáttar sem fela í sér þau skilyrði sem fram koma í ákvörðunarorðum. Telur Samkeppniseftirlitið að þau leysi hin samkeppnislegu vandamál sem af samrunanum kynnu ella að stafa. Fela skilyrðin meðal annars í sér áskilnað um sjálfstæði stjórnar GRAY LINE gagnvart Íslandsbanka og um meðferð trúnaðarupplýsinga gagnvart þeim hluthöfum sem eiga hluti í fleiri en einu fyrirtæki á sama samkeppnismarkaðnum.

Í ákvæði 1.2 a) í framangreindri sátt er kveðið á um óhæði stjórnarmanna GRAY LINE gagnvart Íslandsbanka. Í ljósi framangreindrar aðkomu bankans að GRAY LINE telur Samkeppniseftirlitið nauðsynlegt að tryggja að stjórnarmenn verði óháðir bankanum. Eftirlitið hefur í ræðu og riti gert ítarlega grein fyrir þeim samkeppnishindrunum sem fólgna geta verið í aðkomu viðskiptabanka að fyrirtækjum í samkeppnisrekstri á ótengdum mörkuðum. Í b-lið ákvæðisins eru settar ítarlegri kröfur um óhæði GRAY LINE gagnvart bankanum með því að Akri skuli vera óheimilt að ráða framkvæmdastjóra eða

⁵ Samkeppnismarkaðurinn er skilgreindur með þessum hætti í samrunaskrá, Samkeppniseftirlitið telur ekki tilefni til ítarlegrar rannsóknar á markaði þessa máls í ljósi atvika málsins.

⁶ Upplýsingar innan hornklofa [...] eru trúnaðarupplýsingar og verða því ekki birtar í ákvörðun þessari.



lykilstarfsmenn sem háðir eru bankanum. Í hluthafasamkomulaginu er kveðið á um aðkomu Stefnis að þessum atriðum.

Með skilyrðum í ákvæði 1.3 er ætlað að koma í veg fyrir að þeir hluthafar sem koma að fleiri en einu fyrirtæki á sama samkeppnismarkaðnum fái í hendur viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Veiting slíkra upplýsinga kynni að raska samkeppnislegu sjálfstæði GRAY LINE og skapa ranga hvata í samkeppni á milli fyrirtækja á markaði. Þannig er kveðið á um að stjórn og starfsmenn Akurs skuli haga samskiptum sínum við hluthafa GRAY LINE þannig að gætt sé að samkeppni sé ekki raskað á viðkomandi markaði. Þá skal þess gætt að í upplýsingamiðlun til hluthafa félagsins sem einnig eiga eignarhluti í keppinautum þess berist ekki viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem skaðað geta samkeppni. Þá er í lok skilyrðanna fjallað um brottfall þeirra og réttur samrunaaðila til endurupptöku áréttáður, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

IV. Ákvörðunarorð:

Kaup Akurs slhf. á hlut í Iceland Excursions Allrahanda ehf./GRAY LINE ICELAND ehf. fela í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2006. Með heimild í 17. gr. samkeppnislaga eru samrunanum sett skilyrði. Með setninga á eftirfarandi skilyrðum er ekki þörf á að ógilda samrunann:

1.

Aðgerðir gegn skaðlegum hagsmunatengslum og öðrum samkeppnishindrunum.

1.1

Almennt

Markmið sáttar þessarar er að sporna gegn skaðlegum hagsmunatengslum og öðrum samkeppnishindrunum sem stafað geta af eignarhaldi Akurs á hlut í GRAY LINE og beinu og óbeinu eignarhaldi hluthafa Akurs á öðrum atvinnufyrirtækjum. Skulu þessir aðilar í því skyni og eins og þeim frekast er unnt tryggja sjálfstæði Allrahanda á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar.

1.2

Sjálfstæði GRAY LINE

Við skipan stjórnar og stjórnenda GRAY LINE skal Akur tryggja samkeppnislegt sjálfstæði félagsins með eftirgreindum hætti:

- a) Stjórnarmenn í GRAY LINE skulu vera óháðir Íslandsbanka hf. (hér eftir Íslandsbanki). Þeir teljast óháðir ef þeir eru ekki starfsmenn eða stjórnarmenn hjá bankanum, framkvæmdastjórar eða stjórnarmenn hjá fyrirtækjum þar sem bankinn eða dótturfélög eiga meira en 20% eignarhlut, eru ekki makar stjórnarmanns eða framkvæmdastjóra (forstjóra) hjá ofangreindum aðilum eða skyldir þeim í beinan legg. Einnig telst stjórnarmaður óháður ef hann er ekki verulega háður Íslandsbanka eða tengdum félögum í störfum sínum. Þeir sem t.d. sinna reglubundið hagsmunagæslu og/eða ráðgjafarstörfum fyrir framangreinda aðila og hafa meirihluta tekna sinna af viðskiptum við þá uppfylla ekki þetta skilyrði. Þó er heimilt að skipa starfsmenn



Íslandssjóða, sem uppfylla önnur skilyrði þessarar sáttar, í stjórn GRAY LINE.

- b) Þeir sem Akur skipar í stjórn GRAY LINE skulu ekki vera tengdir keppinautum GRAY LINE í gegnum atvinnu, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á við um maka ofangreindra aðila í gegnum atvinnu sem lykilstarfsmenn, stjórnarsetu eða eignarhald. Sama á einnig við um framkvæmdastjóra (forstjóra) og lykilstarfsmenn GRAY LINE sem Akur kemur að ráðningu á. Framkvæmdastjóri sem Akur kemur að ráðningu á skal jafnframt vera óháður Íslandsbanka í skilningi a) liðar 1.2.
- c) Framkvæmdastjóri Íslandssjóða og þeir aðilar sem sitja í stjórn GRAY LINE fyrir hönd Akurs skulu undirrita yfirlýsingu. Í henni skulu hlutaðeigandi lýsa því yfir að hann hafi kynnt sér þau fyrirmæli sem felast í ákvörðun þessari og hann heiti því að virða þau að því leyti sem þau snúa að hlutaðeigandi, að viðlagðri ábyrgð.

1.3

Upplýsingagjöf til hluthafa Akurs

Stjórn og starfsmenn Akurs skulu haga samskiptum við hluthafa Akurs með þeim hætti að jafnræðis sé gætt og að samkeppni á þeim markaði eða mörkuðum sem GRAY LINE starfar á sé ekki raskað. Í upplýsingamiðlun til hluthafa Akurs sem eiga eignarhluti í keppinautum GRAY LINE skal þess gætt að viðkvæmar viðskiptaupplýsingar sem skaða geta samkeppni berist ekki til þeirra.

2.

Brottfall skilyrða

Þau skilyrði sem fram koma þessari sátt falla niður þegar Akur missir yfirráð yfir GRAY LINE. Aðilum er heimilt, sameiginlega eða hver fyrir sig, á hverjum tímapunkti að óska eftir því að skilyrði þessi verði felld úr gildi, að hluta eða í heild, vegna breyttra forsendna, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

3.

Viðurlög

Brot á þeim fyrirmælum sem fram koma í sátt þessari varða viðurlögum skv. IX. kafla samkeppnislaga.

4.

Upplýsingagjöf til Samkeppniseftirlitsins

Stjórn Akurs skal upplýsa Samkeppniseftirlitið fyrir 1. september nk. með bréfi um hvernig framangreind skilyrði verði tryggð. Einnig skal senda eftirlitinu undirritaðar yfirlýsingar í samræmi við c-lið ákvæðis 1.2.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson